

Örugg matvæli – allra hagur!

# Markmið nýrrar matvælalöggjafar

Á TÍUNDA áratugnum voru umræður um kúariðu og díoxínmengun matvæli á markaði áberandi í Evrópu. Traust neytenda gagnvart matvælaframleiðendum þótti skorta og því var farið að rýna í matvælalöggjöfina og velta fyrir sér leiðum til úrbóta til að koma í veg fyrir slík hneyksli í framtíðinni. Rekja mátti uppruna mengunar til fódurs og því þótti ástæða til að breyta matvælalöggjöfinni með það að markmiði að ná yfir allt matvælaferlið, allt frá fódri og frumframleiðslu að lokaafurð. Settar voru nýjar reglur um hollustuhætti þar sem ábyrgð framleiðenda á öllum stigum framleiðslu og

dreifingar matvæla var dregin fram. Einnig voru settar nýjar reglur um skipulagningu eftirlits, viðvörunarkerfi og neyðaráðstafanir komi upp grunur um hættu í matvælum eða fódri.

Nýjar reglur voru innleiddar í Evrópu árið 2006 og nú er komið að innleiðingu þessara reglna héraendis þar sem sama löggjöf á að gilda um matvæli í öllum ríkjum á EES. Frá 1. mars 2010 eiga framleiðendur fisks og fiskafurða og almennra matvæla að uppfylla skilyrði löggjafarinnar en reglur um búfjárafurðir taka gildi 1. nóvember 2011.



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

**Reglur Frá 1. mars eiga framleiðendur fiskafurða að uppfylla skilyrði matvælalöggjafar.**

Markmið löggjafarinnar er að vernda líf og heilsu manna og tryggja jafnframt frjálst flæði vöru á EES svæðinu. Löggjöfin tekur einnig til fódurs og frumframleiðslu og veitir þar með heildarsýn á matvæli og fódur frá hafi/haga til maga og skapar skilyrði fyrir skilvirkt matvæla- og fódureftirlit á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Sömu reglur gilda óháð því hvort um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum. Hagsmunir neytenda eru settir í öndvegi.

Matvælastofnun (MAST) heldur opinn fræðslufund um breytingar með nýrri matvælalöggjöf þriðjudaginn 26. janúar kl. 15-16 þar sem fjallað verður um þær breytingar sem innleiðing matvælalöggjafar ESB hefur í för með sér og áhrif þeirra á neytendur, framleiðendur, innflytjendur og eftirlitsaðila. Fræðslufundurinn verður haldinn í umdæmisskrifstofu MAST í Reykjavík að Stórhöfða 23. Sjá [www.mast.is](http://www.mast.is).

Dóra S. Gunnarsdóttir, fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun.